

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
133. fundur.

Fimmtudaginn 2. maí 2013 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar í Blönduvirkjun kl. 13.30 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Skólastarfið á Húnavöllum.** (Skólastjóri situr fundinn undir þessum lið)
2. **Skýrsla sveitarstjóra.**
3. **Fundargerðir:**
 - a) Stjórnarfundar URFE, dags. 17. apríl 2013.
 - b) Skólanefndar FNV, dags. 20. mars 2013.
 - c) Starfshóps um dreifnám í A-Hún, dags. 18. apríl 2013.
4. **Ársreikningur Húnavatnshrepps 2012, seinni umræða.**
5. **Siðareglur kjörinna fulltrúa í Húnavatnshreppi, seinni umræða.**
6. **Bréf:**
 - a) Frá Skipulagsstofnun, dags. 10. 04. 2013. (Virðjanir á veituleið Blöndu, umsögn)
 - b) Frá Skólahreysti, dagsett í apríl 2013.
 - c) Frá Sýslumanninum á Blönduósi, dags. 11. 04. 2013.
 - d) Frá Vegagerðinni, dags. 05. 04. 2013.
7. **Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.40

Eftirfarandi breyting var samþykkt á boðaðri dagskrá: Fundargerð fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 29. apríl 2013, tekin fyrir undir dagskrárlíð 3d).

1. Skólastarfið á Húnavöllum. Skólastjóri situr fundinn undir þessum lið Sigríður Aadnegard kynnti skólastarfið. Leikskólinn var opnaður þann 8. ágúst þetta árið. 10.nemendur byrjuðu á leikskólanum í ágúst, en eru nú 14. Leikskólanemar koma í fjórar kennslustundir á hverri viku í grunnskólann. Sundkennsla leikskólabarna hefur gengið vel. Árs hátíð skólans var í lok nóvember. Skólinn tók þátt í Þjóðleik, verkefni fyrir grunn- og framhaldsskóla til að efla leiklist og unnið er í samstarfi við Þjóðleikshúsið. Í vetur var boðið uppá auka valfög í 9. og 10. bekk. Húnavallaskóli tók þátt í Skólahreysti og íþróttadagur var á Húnavöllum 11. apríl s.l. þar sem um 200 nemendur tóku þátt. Vorpróf standa yfir. Vorverkefni hefjast 13. maí. 9. og 10. bekkur fara í útskriftarferð til Danmerkur. Skólaslit verða 29. maí. Í maí eru námskeið fyrir verkefnastjóra til að innleiða nýtt námsmat. Innleiðing á nýrri aðalnámskrá hefst í haust. Skólastjóri kynnti drög að skólalagatali næsta skólaárs. Lagt er til að leikskóli verði lokaður í 7.vikur í sumar í stað 6. vikna áður. Endurnýja þarf ljósabúnað í fjórum kennslustofum. Efniskostnaður er ca. 700 til 800 þús. kr. Hreppsnefnd samþykkti kaupin á ljósabúnaði í fjórar kennslustofur. Rætt var um fyrirkomulag mötuneytismála. Skólastefnan er í vinnslu. Sigríður yfirgaf fundinn.

2. Skýrsla sveitarstjóra.

Rannveig Lena Gísladóttir mætti til fundar undir þessum lið. Rætt var um tímabundnar breytingar á starfi hennar á skrifstofu Húnavatnshrepps, en hún þarf að minnka viðveru sína í tvo daga á viku, frá fyrstu viku í júní.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

133. fundur.

Kauptilboð vegna Reykja: Jakob Sigurjónsson vék af fundi undir þessum lið. Ólafur Magnússon kom til fundar. Fyrir fundinum lá kauptilboð vegna Reykja, landnúmer 144780 fnr. 213-6449, undirritað af kaupendum.

Hreppsnefnd samþykkti kauptilboðið með fjórum atkvæðum og fól sveitarstjóra að undirrita það (ÞS,MS,IS,ÓM). Þrír sátu hjá (JG,GHG,GRH).

Samþykkt var með fjórum atkvæðum að veita sveitarstjóra heimild til að skrifa undir kaupsamning þegar búið er að þinglýsa þeim lóðum sem eru undanskildar í sölunni. (ÞS,MS,IS,ÓM). Þrír sátu hjá (JG,GHG,GRH)

Ólafur Magnússon vék af fundi og Jakob Sigurjónsson mætti til fundar á ný.

Fyrir fundinum liggur tilboð frá iCell rekstraraðila Emax dags. 1. mars 2013, í nýtt internetsamband fyrir Húnavatnshrepp. Áætlaður kostnaðarhluti Húnavatnshrepps samkvæmt tilboðinu er 4.248.000 kr. Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkti að taka tilboðinu og kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins í því. Gert er ráð fyrir að nýja kerfið verði sett upp í sumar. Framkvæmdatími er áætlaður tveir til þrjú mánuðir. Samhliða þessu er mikilvægt að samingar takist við Emax um bætt viðhaldsþjónustu þeirra á dreifikerfinu í Húnavatnshreppi.

Farið var yfir viðhaldsþörf á húsnæði, tækjum og búnaði í Áfangaskála.

Aðalfundur Auðkúluheiðar ehf, verður haldinn mánudaginn 6. maí kl. 15.00 á skrifstofu Húnavatnshrepps. Þóra Sverrisdóttir fer með atkvæði Húnavatnshrepps á fundinum.

3. Fundargerðir:

a) Stjórnarfundar URFE, dags. 17. apríl 2013.

Lögð fram til kynningar.

b) Skólanefndar FNV, dags. 20. mars 2013.

Lögð fram til kynningar.

c) Starfshóps um dreifnám í A-Hún, dags. 18. apríl 2013.

Lögð fram til kynningar.

d) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 29. apríl 2013.

Hreppsnefnd samþykkti 4. lið fundargerðarinnar um ráðningu Berglindar Hlín Baldursdóttur í starf kennara, sem auglýst var laust til umsóknar.

Fundargerðin var að öðru leyti til kynningar.

4. Ársreikningur Húnavatnshrepps 2012, seinni umræða.

Fyrir fundinum liggur ársreikningur Húnavatnshrepps vegna ársins 2012, ásamt endurskoðunarskýrslu. Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju sinni með góðan rekstur sveitarfélagsins árið 2012. Mikill viðsnúningur er frá síðasta ári, rekstrarafgangur er um 11. millj. kr. eða rúm 7% og vill hreppsnefnd þakka starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir vel unnin störf á liðnu ári.

Ársreikningurinn var borinn upp til atkvæða og samþykktur samhljóða.

5. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Húnavatnshreppi, seinni umræða.

Drög að siðareglum kjörinna fulltrúa hjá Húnavatnshreppi lögð fram til síðari umræðu. Drögin voru yfirfarin og samþykkt. Markmið siðareglna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Húnavatnshrepps. Sveitarstjóra var falið að senda Innanríkisráðuneytinu siðareglurnar til staðfestingar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

133. fundur.

6. Bréf:

a) Frá Skipulagsstofnun, dags. 10. 04. 2013. (Virkjanir á veituleið Blöndu, umsögn)
Efni: Virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar. Beiðni um umsögn á tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 15. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Erindið var lagt fram til kynningar á síðasta fundi hreppsnefndar.

Guðmundur Stefánsson stöðvarstjóri Blönduvirkjunar sat fundinn undir þessum lið. Guðmunur kynnti framkvæmdaáætlun Blönduveitu. Búið er að frumhanna allar veiturnar. (Kolkuvirkjun, Friðmundarvirkjun, Þramarvirkjun)

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps gerir eftirfarandi athugasemd við kafla 4.2.3.

Í texta segir: *Í gildi er aðalskipulag Svínavatnshrepps fyrir árin 1992-2012.* Rétt er að fella þennan texta út.

Hreppsnefnd bendir á að öll efnistaka á landi og úr ám og vötnum er háð framkvæmdaleyfi sem skal gefið út á grundvelli deiliskipulags skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

b) Frá Skólahreysti, dagsett í apríl 2013.

Efni: Beiðni um styrk að upphæð 50 þús. kr.

Hreppsnefnd samþykkti styrk að upphæð 20 þús. kr.

c) Frá Sýslumanninum á Blönduósi, dags. 11. 04. 2013.

Efni: Umsókn frá Birni Þ. Kristjánssyni kt. 030563-5149, Húnstöðum 2, 541 Blönduós f.h.

Hamingunnar ehf, kt. 640810-0680, um endurnýjun á leyfi til að reka gististað í flokki V, að Hótel Húnavöllum, Húnavellir, 541 Blönduós.

Hreppsnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

d) Frá Vegagerðinni, dags. 05. 04. 2013.

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir námu í landi Syðri-Löngumýrar og fyrir námu í landi Ljótshóla.

Í greinargerð með aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 í kafla 3.1.6. um efnistökusvæði, eru þessar námur á lista og skilgreindar sem efnistökusvæði E 14, Syðri – Löngumýri og efnistökusvæði E 11, Ljótshólar. Námunar eru einnig á aðalskipulagsupprætti. Í aðalskipulagi liggur ekki fyrir vinnslutími né áætluð efnistaka á efnistökusvæðum.

Samkvæmt álit Skipulagsstofnunar þá uppfyllir umfjöllun um efnisnámur í greinargerð með aðalskipulagi Húnavatnshrepps ekki ákvæði reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Í 7. gr. reglugerðarinnar segir að meginreglan sé sú að framkvæmdaleyfi skuli gefið út á grundvelli deiliskipulags en undantekningarreglan sé aðalskipulag, þ.e. að heimilt sé að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags, ef í því er gerð grein fyrir framkvæmdinni og fjallað á ítarlegan hátt um umfang, frágang, áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið og annað það sem við á. Það er ekki gert í aðalskipulagi Húnavatnshrepps.

Möguleiki væri að sækja um meðmæli til Skipulagsstofnunar sbr. 1. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulagslaga nr. 123/2010. Þá þarf að koma fram rökstuðningur fyrir því af hverju það þurfi ekki að gera deiliskipulag fyrir framkvæmdinni með t.d. tilliti til umfangs, stærðar og hagsmunaaðila í nágrenninu.

Sveitarstjóra falið að sækja eftir meðmælum Skipulagsstofnunar vegna framkvæmdaleyfa fyrir ofangreind efnistökusvæði.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
133. fundur.

7. Önnur mál.

Árlegur sveitarfundur var haldinn 23. apríl s.l. þar sem farið var yfir rekstur og starfsemi sveitarfélagsins s.l. ár. Fullrtúi frá EMAX mætti á fundinn og fór yfir stöðu fjarskiptamála í sveitarfélaginu. Hreppsnefnd lýsir ánægju sinni með áhuga íbúa á málefnum sveitarfélagsins en góð mæting var á fundinn, hátt í 60 manns.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps lýsir yfir miklum áhyggjum vegna stöðu mála á Hveravöllum og veitir stjórn Hveravallafélagsins ehf, heimild til að slíta viðræðum við núverandi samningsaðila ef þurfa þykir, og veitir heimild til viðræðna við aðra aðila um rekstur og uppbyggingu á Hveravöllum.

Fundurinn var haldinn í Blönduvirkjun í boði stöðvarstjóra og þökkuðu fulltrúar Húnavatnshrepps fyrir góðar móttökur.

Fleira ekki gert .
Fundi slitið kl. 18. 30

Þóra Sverrisdóttir

Jón Gíslason

Jakob Sigurjónsson

Guðmundur R. Halldórsson

Magnús R. Sigurðsson

Gísli Hólm Geirsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen